

RÁÐSTEFNA UM
DAGVISTUNARMÁL
25. og 26. maí 1976

Svandís Skúladóttir, fulltrúi:

Í einu dagblaðanna var s.l. fimmtudag viðtal við tvær konur um láglaunaráðstefnu þá, sem haldin var fyrir rúmri viku síðan. Í viðtalinu segir orðrétt:

"Það kom fram á ráðstefnunni að um 60% af konum eru úti á vinnumarkaðinum. Margar þeirra eru með börn, þó ekki séu það allar, og til þess að þær geti orðið virkari í atvinnulífinu, sem verðbólga rekur þær raunar út í, þá verður ríkisvaldið að gera stórátak í dagvistunarmálum og öðru sem gerir þetta fært. Því í öllu þessu tali um jafnrétti megum við ekki gleyma uppeldi barnanna" (tilvitnun lokið).

Lúter sagði að konan lærði aldrei að hlýða. Á meðan ýmsir reiknimeistarar hafa verið að reikna út, hvað mundi nú borga sig að greiða konunni fyrir að vera heima, þá hafa þeir ekki náð út í hálf reikningsdæmið, þegar konan er þegar komin út á vinnumarkaðinn, hvað sem hver segir. Þessari þróun verður ekki snúið aftur, hvort sem sumum líkar betur eða ver.

Óparfi er að ræða þessa þróun, hún blasir hvarvetna við augum okkar. Eg vil þó verja nokkrum orðum á einn þátt hennar, þátt sem lýsir í senn hve smár hlutur kvenna hefur verið á sumum sviðum og miklar breytingar hafa orðið, þó enn vanti töluvert á að fullt jafnræði hafi náðst milli kynjanna. Hér hef ég í huga hvernig aðsókn kvenna í háskólanám hefur aukist. Enda þótt þátttaka kvenna í menntaskólum hafi verið orðin mjög almenn þegar fyrir síðustu heimsstyrjöld og farið vaxandi alla tíð síðan, þannig að þar er nú ekki verulegt misrämi milli kynjanna, þá hafa hlutfallslega mjög fáar konur lokið námi frá Háskóla Íslands allt fram á þennan áratug. Eg vil sýna hér tvær glærur sem lýsa þessari þróun síðasta aldarfjórðung. Fyrri glæran sýnir fjölda karla og kvenna sem úrskrifast hafa á hverjum fimm árum frá árinu 1950. Bláa þrepalínan sýnir fjölda karla, rauða þrepalínan sýnir fjölda kvenna. Eg vil taka fram að þetta sýnir einungis þá sem ljúka lokaprófi, en þar hef ég þó talið með þá sem lokið hafa fyrrihlutaprófi í verkfræði, en framhald þess náms fór fram erlendis. Öllu lærðómsríkara er að líta á hlutfallið milli karla og kvenna, en næsta glæra sýnir hve margir karlar hafa

RÁÐSTHJÓR
DAGVISTARHEIMILANNA

útskrifast á móti hverri konu, tekið í fimm ára lotum. Á tímabilinu 1950-55 útskrifast 30 sinnum fleiri karlmenn. Næstu 10 ár lækkar þetta hlutfall nokkuð, en yfir hálfan annan áratug eftir 1950, eða frá 1950-1965 útskrifast um 20 sinnum fleiri karlar frá Háskólanum en konur. Væri litið á hlutfallstölur þeirra sem innrituðust, kæmi út allt önnur mynd. Síðastliðin 10 ár hefur orðið veruleg breyting í þessum efnum við Háskóla Íslands. Á tímabilinu 1965-70 útskrifuðust um 8 sinnum fleiri karlar en konur og síðastliðin fimm ár ekki nema liðlega fjórum sinnum fleiri karlar en konur. Æg segi hér "ekki nema" mörgum finnst þessi munur vafalítið alltof mikill. En breytingar sem þessar taka nokkurn tíma því ýmsir ytri þættir ráða þar miklu. Einn þessara þátta eru barnaheimili. Hlutverk okkar er því ekki að sporna gegn þessari þróun, heldur að reyna eftir bestu getu að leysa þau verkefni, sem fylgir þróuninni og það er von míni að ráðstefna sú er hér er haldin, megi verða áfangi í þeirri viðleitni, því hér á að ræða um dagvistarheimili fyrir börn. Í dag verður rætt um byggingu og rekstur dagvistarheimila, á morgun um uppeldisstarf heimilanna.

Æg mun einkum ræða um þá þróun sem orðið hefur í byggingu dagvistarheimila fyrir börn hér á landi síðustu áratugi og rekja nokkra þætti þess máls eins og þeir hafa þróast síðustu þrjú ár.

Fyrstu lög um dagvistarheimili hér á landi tóku gildi í apríl 1973. Samkvæmt markmiðsgrein laganna skal dagvistarheimili gefa börnunum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum og búa þeim uppeldisskilyrði er efli persónulegan og félagslegan þroska þeirra.

Þessu markmiði skyldi einkum náð með því að:

- 1) veita fjárhagslegan styrk til reksturs heimilanna
- 2) taka þátt í stofnkostnaði þeirra
- 3) hafa áhrif á innra starf heimilanna, m.a. með því að gera ýmsar kröfur til þeirra, til að tryggja forsendur þess að unnt væri að sinna uppeldishlutverki heimilanna þar
- 4) að stuðla að því að þeir aðilar sem þess óskuðu, ættu kost á að fá teikningar af dagvistarheimilum gegn sann-gjörnu gjaldi
- 5) og loks að vinna að margvíslegum sameiginlegum málefnum

heimilanna, en ráðuneyti það sem fer með málefni dagvistarheimila, menntamálaráðuneytið, skal samkvæmt lögunum hafa í þjónustu sinni sérmenntaðan starfsmann til að vinna að málefnum dagvistarheimila.

Þegar menntamálaráðuneytinu var falinn þessi málaflokkur voru til mjög takmarkaðar upplýsingar um dagheimili og leikskóla í landinu. Engar heildartölur voru til um fjölda dagvistarheimilanna, eða um starfsemi þeirra. Stærsti aðilinn í rekstri dagvistarheimila, Sumargjöf, hefur þó gefið reglulega skýrslur um starfsemi sína, en yfirsýn yfir störf dagvistarheimila úti á landi var ekki til.

A vegum menntamálaráðuneytisins hefur slíkum upplýsingum verið safnað og af þeim má nú fá allgott yfirlit yfir þess starfsemi hér á landi og þróun hennar. Enda þótt skammur tími sé liðinn frá því að lögin um dagvistarheimili voru sett og þeim hafi þegar verið breytt nokkuð, tel ég að fullyrða megi að áhrif þeirra hafi þegar verið veruleg og mál þessi hafi verið mótuð í samræmi við lögin, en mikið starf er þó enn óunnið.

Samkvæmt lögunum skal ríkið greiða 50% af áætluðum kostnaði fullbúins heimilis í samræmi við ákvæði reglugerðar um stofnkostnað skóla. Í þessu atriði, sem mörgum öðrum, er náið samband milli dagvistarheimila og skóla. Áður en menntamálaráðuneytið mælir með því við Alþingi að viðkomandi heimili verði tekið í fjárlög, er gengið úr skugga um að skilyrði laga og reglugerðar séu uppfyllt. Er þá m.a. farið yfir teikningar af væntanlegu heimili til að ganga úr skugga um, að margvíslegum sérkröfum heimilanna sé uppfyllt á viðunandi hátt. Til að gefa nokkra mynd af umfangi þeirra framkvæmda, sem hér er um að ræða, og jafnframt að gefa stutt yfirlit yfir þróun byggingu dagvistarheimila, síðustu áratugi, vil ég sýna þrjár glærur sem lýsa þessu.

G-1 Fyrsta glærar sýnir hve mikið var byggt, miðað við gólfþými, af dagvistarheimilum í fjóra áratugi áður en lögin um dagvistarheimili voru samþykkt, eða árin 1931-1972. Þetta yfirlit er látið ná einu ári fram yfir fulla fjóra áratugi því Grænaborg var byggð árið 1931, en þetta er sýnt með svörtu þrepalinunni. Rauða þepið sýnir síðan hve mikið hefur verið byggt eftir 1972 eða er verið að byggja, og dagvistarheimili sér hafa verið með

í fjárlög í samræmi við lögin um dagvistarheimili. Rétt er að hafa í huga að þessi heimili hafa ekki öll verið reist enn, en á móti þarf að gæta þess, þegar þessar tölur eru athugaðar, að svarta þrepalinan er miðuð við tíu ára tímabil og enn eru ekki liðin nema 3 ár frá því lögin um dagvistarheimili voru samþykkt.

G-2 Næsta glæra ber beint saman allt það húsrými dagvistarheimila sem byggt var fram til ársins 1973 við væntanlegt rými í dagvistarheimilum, sem hafa verið byggð síðan eða verið tekin í fjárlög og undirbúningu hafinn að. Sést hér að húsrými í dagvistarheimilum mun tvöfaldast, þegar þessum framkvæmdum er lokið. Hér er þess þó að gæta að allmög heimili starfa í húsnæði sem upphaflega var byggt með önnur not í huga.

G-3 Lítum næst á dreifingu dagvistarheimilanna. Næsta glæra sýnir þá staði, þar sem dagvistarheimili voru byggð fyrir 1973. Flest heimilin eru á höfuðborgarsvæðinu, en samt nokkur utan þess.

G-4 Síðasta glæran, sem lýsir þessum málum sýnir staðsetningu þeirra dagvistarheimila, sem byggð hafa verið eftir 1973 eða undirbúningur hafinn við og tekin hafa verið í fjárlög. Ég vil vekja sérstaka athygli á hlutdeild sveitarfélaganna úti um land í byggingu dagvistarheimila eftir 1973, sem sést ljóslega á þessari mynd, en víða eru heimilin mikilvæg forsenda þess að hægt sé að tryggja atvinnufyrirtækjunum nægilegt vinnuafli.

Hér á landi eru að verki fjölmargir þættir sem leitt hafa til þess að eftirsókn eftir dagvistarplássum fyrir börn hefur margfaldast á síðustu árum, en langt er frá því að tekist hafi að anna þessari auknu eftirspurn.

Konur vinna utan heimilis af ýmsum ástæðum. Fjöldi mæðra er fyrirvinna fjölskyldu. Atvinnulífið víða um land byggir í ríkum mæli á vinnu kvenna. Sem afleiðing af djúptækum þjóðfélagslegum breytingum og vegna breyttra viðhorfa í þjóðfélaginu óskar vaxandi fjöldi mæðra þess að nota starfskrafta sína, reynslu og menntun utan heimilisins. Og ekki má heldur gleyma því að margar konur, sem vinna innan heimilisins óska oft eftir dagvist fyrir börn hluta úr degi.

Skoðanir eru skiptar varðandi það hve æskilegar þessar breytingar eru, en varla dættur nokkrum manni þó í hug, í fullri alvöru að stöðva þessa þróun. Þeir sem telja þessa þróun vara-sama gera það einkum út frá þeirri forsendu að vistun barna á barnaheimili sé ekki þroskavænleg fyrir börnin, betra sé fyrir þau að vera á eigin heimili. Þetta er mikilvægt atriði og því hefur verið gefinn mikill gaumur viða um lönd. Gerðar hafa verið fjölmargar rannsóknir til að varpa ljósi á þetta atriði. Æg held að segja megi að meginniðurstaða þessara rannsókna sé sú að vel rekin dagvistarheimili, sem rekin eru við góðar aðstæður veiti börnunum jafngóðan þroska og þótt þau dveldust á heimili eigin fjölskyldu allan daginn. Hér ræði ég um börn, sem aðeins eru vistuð á heimilunum á daginn. Við þetta má bæta að á dag-vistarheimilum er hægt að bjóða börnunum upp á fjölbreytilegri möguleika og reynslu, en oftast býðst þeim börnum sem einungis eru á eigin heimili. Hinu er ekki að neita að margs er að gæta varðandi rekstur barnaheimila eigi að ná þessu marki. Viðbrögð okkar við þeirri þróun, sem ég ræddi um áðan, hljóta því að vera að líta ekki á hana sem óæskilega, heldur að hún leggi okkur þá skyldu á herðar, að búa vel að dagvistarheimilum og vinna skipulega að því, að þau verði sem best rekin. Við verðum að fylgjast vel með þeim rannsóknum, sem gerðar eru varðandi þroska-feril barna á forskólaaldri og notfæra okkur slika þekkingu til að tryggja sem best barnaheimili.

Það hefur verið vitað með vissu lengi að líkamleg vannæring getur leitt til varanlegs skaða, bæði líkamlega og andlega. Hliðstæð þekking hvað varðar vitsmunalífið er nýrri og ekki jafn útbreidd eða viðurkennd. En rannsóknir síðari ára hafa leitt ótvírátt í ljós að ófrjótt og tilbreytingasnautt umhverfi fyrstu ár ævinnar getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir barnið síðar á ævinni. Þessar rannsóknir sýna að auk ástúðar og umhyggju og nægilegrar umgengni við annað fólk hafa börnin mikla þörf, allt frá frumbernsku, fyrir umhverfi sem verkar hvetjandi á þau vitsmunalega og veitir starfslöngun þeirra og hugmyndaflugi útrás. Of einhæft umhverfi getur dregið úr námshæfni barnsins á síðara aldursskeiði. Þroski námshæfi-leikans er örastur á fyrstu árun barnins og aðhlynning að þessum

bætti er aldrei mikilvægari en einmitt á þessu aldursskeiði.

Eg hef hér rætt um þessar rannsóknir, vegna þess að niðurstöður slíkra aðhugana hafa haft mikil áhrif á skipulag og störf dagvistarheimila á Norðurlöndum og þar hefur verið leitast við að taka mið af þessari þekkingu, þegar við hönnun heimilanna. Í Svíþjóð hefur sennilega verið unnið mest í þessum efnum og á mjög skipulegan hátt. Fyrir nokkrum árum tók þar til starfa barnaheimilaneftnd sem hefur unnið mikið og gott verk. Nefndin tók til rækilegrar endurskoðunar allt starf barnaheimilanna og á grundvelli þessa starfs voru lagðar fram tillögur um allmiklar breytingar á skipulagi og starfi barnaheimilanna og jafnframt voru teiknuð barnaheimili í samræmi við hin breyttu viðhorf. Í beinu framhaldi af þessu starfi var takið að reyna hinar nýju hugmyndir. Starfi og skipulagi allmargra eldri heimila var breytt og ný heimili voru byggð eftir teikningum, sem unnar voru á vegum barnaheimilaneftndarinnar. Meginbreytingin í skipulagi heimilanna felst í því að deildaskiptingu eftir aldri var breytt þannig að nú var börnum aðeins skipt í two hópa eftir aldri, þar sem börn frá 6 mánaða til 3ja ára eru saman og síðan börn frá 3ja ára til 6 ára saman. Danir hafa á sama tíma unnið með aldursblöndun á barnaheimilum í tilraunaskini þannig að þar eru börn allt frá 6 mánaða til 10 ára aldurs saman á deild. Tilgangurinn með þessari aldursblöndun er að skapa meiri fjölbreytni í leikjum og starfi barnanna. Þessar miklu breytingar krefjast að sjálfsögðu margvíslegra breytinga á skipulagi og starfi heimilanna og gerir einnig breyttar kröfur til húsnæðisins.

Samkvæmt lögunum um dagvistarheimili frá 1973 skyldi menntamálaráðuneytið láta gera teikningar að dagvistarheimilum, eins og ég hef þegar getið um. Ráðuneytið fól Guðmundi Kr. Guðmundssyni arkitekt þetta verkefni með bréfi dags. 15. ágúst 1974, en jafnframt hafði verið ákveðið að skipa fimm manna nefnd til að vinna með arkitektinum að þessu verkefni og var fjórum aðilum falið að tilnefna fulltrúa í nefndina en menntamálaráðherra skipaði formann hennar án tilnefningar. Nefndin var síðan skipuð í desember 1974:

Svandís Skúladóttir var skipuð formaður
Ragnheiður Blöndal, tilnefnd af Fóstrufélagi Íslands
Sigríður Thorlacius, tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands
Sveinn Ragnarsson, tilnefndum af Eélagsmálast. Reykjavíkur
Þórunn Einarsdóttir, tilnefnd af Barnavinafél. Sumargjöf.

Þessi nefnd hefur unnið með arkitektinum að gerð þeirra
teikninga, sem hann og samstarfsmaður hans, Ólafur Sigurðsson
arkitekt kynna hér í dag.

Þegar nefndin hóf starf sitt í ársbyrjun 1975, var tekið
tillit til ákvæða laga og reglugerða og þess starfs sem unnið
er á barnaheimilum hér á landi. Auk þess var nefndin sammála
um að taka tillit til þróunar sem á sér stað á hinum Norður-
löndunum um þessar mundir. Reynt er að halda opnum möguleikum
fyrir fleiru en einu rekstrarformi. Nefndin taldi þannig hvorki
rétt né æskilegt að ákveða eitt rekstrarform og hanna heimilin
í samræmi við það.

Ég vil nú rekja í stuttu máli helstu forsendur hinna nýju
teikninga.

- 1) heimilin eru (að sjálfsögðu) teiknuð í samræmi við stærðar-
norm reglugerðar um dagvistarheimili, en þar eru m.a.
bæði ákvæði um hámarksstærð, sem ríkið greiðir kostnað af,
sem og ákvæði um lágmarksleikrými á hvert barn.
- 2) á skipulegan hátt var leitast við að skapa sem best
skilyrði fyrir hið uppeldislega starf á heimilunum.
- 3) leitast var við að gera sem hagkvæmastan rekstur á
heimilunum mögulegan.
- 4) teikningunum var hagað þannig að auðvelt væri að byggja
heimilin í áföngum. (nema teikn.6).
- 5) teikningunum var hagað þannig að mögulegt væri að vera
með blandaða aldurshópa jafnt sem hefðbundna aldursskipt-
ingu á deildum, eins og nú tíðkast mest hér á landi.
Engin sérstök vöggustofudeild er í húsunum, en unnt er að
koma vöggustofudeild þar fyrir ef rekstraraðili óskar þess
en ákvörðun þarf þó að taka um þetta atriði, áður en
hreinlætistæki eru sett upp.

(Starf hönnunarnefndar dagvistarheimila er langt komið, það verðu þó ekki fyrr en síðar á þessu ári að nefndin mun endanlega skila af sér.) Í tilefni þessarar ráðstefnu var talið æskilegt að kynna það starf, sem unnið hefur verið af hönnunarnefndinni og ákvað menntamálaráðherra Vilhjálmur Hjálmarsson því, að gögn þau, sem þegar liggja fyrir skyldu kynnt hér. Þau ber ekki að skilja sem reglugerð eða reglur frá hendi ráðuneytisins.


Teikningar standa þeim til boða er óska að reisa dagvistarheimili, en þeir sem óska að fela þetta verk öðrum er það að sjálfsögðu frjálst.

Þegar sótt er um styrk til ríkisins til byggingar dagvistarheimilis, er [að sjálfsögðu] ekki tekið tillit til hver teiknar viðkomandi heimili, ef teikningarnar aðeins uppfylla þau skilyrði, sem lög og reglugerð gera.

Teikning sérhæfðrar stofnunar sem dagvistarheimilis er margslungið verk og ég tel, eftir að hafa skoðað teikningar af meirihluta þeirra heimila sem byggð hafa verið hér á landi, að vandi verksins hafi verið vanmetinn. Þegar slíkt heimili er teiknað nú, þarf arkitektinn ekki einungis að kynna sér vel margvísleg ákvæði laga og reglugerða, heldur þarf hann að teikna heimilið út frá því innra starfi sem þar á að fara fram. Og þá ekki einungis eins og það fer fram nú, heldur að reyna að hafa opna möguleika fyrir þeim breytingum sem kunna að verða á rekstrarformi. Því getur það ekki talist heppileg lausn að fela aðila að teikna dagvistarheimili nema hann sé reiðubúinn að setja sig vel inn í þessi atriði, enda þótt hann hafi mikla reynslu t.d. af því að teikna íbúðarhúsnæði. Ég vona því að það verði senn liðin tíð, að þeim sem ekki eru reiðubúnir að leggja á sig tölverða viðbótarvinnu við að setja sig inn í sérþarfir barnaheimilanna, verði falin slik verkefni.

Ég vil þó taka fram að teikningar þær, sem hönnunarnefnd dagvistarheimila leggur fram, eru engan veginn neitt lokaorð í þessum efnum, en ég vænti þess að sú vinna verði til þess að meiri kröfur verði gerðar til teikninga að barnaheimilum en fram til þessa hefur verið í mörgum tilfellum.

Bygging dagvistarheimila



*Bygging dagrיסטarheimila
- heildar göltflötu -*

8929 m²

Byggð

1931-1972

9432 m²

Byggð


efrei

1972 ðag


i byggingu

Dagheimili og leikskólar, byggt 1931-1972

- Leikskólar
- Dagheimili



Dagheimili og leikskólar, byggð eftir 1973 eða : byggingu



Fjöldi karla og konna sem hafa
útskriftast frá H.L. á hverjum 5 árum

